

OECD *Multilingual Summaries*

Education at a Glance 2012

Summary in Icelandic



Read the full book on: 10.1787/eag-2012-en

Yfirlit um menntamál 2012

Útdráttur á íslensku

- Yfirlit um menntamál: OECD vísar eru traustasta heimild um nákvæmar og markvissar upplýsingar um ástand menntamála í heiminum. Þar er að finna gögn um uppbyggingu, fjármál og árangur menntakerfa hjá 34 aðildarríkum OECD svo og hjá fjölda G20 ríkja sem ekki eiga aðild.
- Þetta yfirlit um menntamál er með 140 línurit, 230 töflur og 100.000 tölur og þar eru gefnar upplýsingar um afköst menntastofnana, áhrif menntunar milli landa, fjárfestingar menntakerfisins í fjármagni og mannauði, aðgang, þátttöku og framgang í menntun og námsumhverfi og skipulag skóla.

Yfirlit yfir ástandið í heimskreppunni - og horft fram á veginn

Nú um nokkurt skeið hefur landslagið á sviði menntunar og efnahagsmála verið á miklum umbrotatímum sem knúðir eru að miklu leyti af tveimur mikilvægum breytingum. Í fyrsta lagi er aukin hlutdeild þekkingarhagkerfisins sem hefur veitt fólki öflugna nýja hvata til að auka hæfni sína með menntun - og hvatt ríki til að hjálpa því að framkvæma þetta. Seinna fyrirbærið - sem er nátegt því fyrra - er hinn gífurlegi vöxtur í æðri menntun á heimsvísu sem hefur fjölgað tækifærum fyrir milljónir manna og á sinn þátt í að auka með áhrifamiklum hætti við innleggið hæfnisbanka heimsins af hámenntuðu fólki.

Education at a Glance 2012 fer yfir þessi svið með aðra mikilvæga breytingu að leiðarljósi: alheimskreppuna á árunum 2009 og 2010. Í greiningu okkar komumst við að því enginn einstakur hópur eða ríki - sama hve mikil menntun er til staðar er algerlega ónæmur fyrir áhrifunum af efnahagslægdinni um allan heim. Um leið sýnir það hve mikið mótstöðuafli efnahagskerfið og vinnumarkaðurinn fær af því að búa við hátt menntunarstig - jafnvel þegar sverfur að í efnahagsmálum.

Efnahagslegur ávinningur með menntun

Í sem einföldustu mynd er greinilegt að meiri menntun hefur hjálpað fólki til að komast hjá atvinnuleysi og halda vinnu meðan á efnahagslægdinni stóð. Svo dæmi sé nefnt, í upphafi lægðarinnar árið 2008 og 2010 rauk atvinnuleysi upp úr því sem þá þegar var hátt hlutfall, 8,8% í 12,5% hjá fólki sem var án framhaldsskólamenntunar og úr 4,9% í 7,6% hjá fólki sem hafði framhaldsskólamenntun og þetta á við að meðaltali um öll lönd innan OECD. Í samanburði var atvinnuleysi hjá fólki með háskólamenntun mun minna og hækkaði úr 3,3% í 4,7% á þessu sama tímabili. Ef öll lönd innan OECD eru tekin saman þá var atvinnuleysi árið 2010 um það bil þriðjungi lægra fyrri karla með háskólamenntun heldur en hjá körlum sem voru með framhaldsskólamenntun og hjá konum með háskólamenntun var það tveimur fimmtu hlutum minna (Vísir A7).

Auk þess var tekjubilið milli þeirra sem voru með háskólamenntun og hinna sem aðeins höfðu notið lægri menntunar ekki aðeins umtalsvert meðan á heimskreppunni stóð heldur breikkaði það jafnvel til muna. Árið 2008 gat karl með háskólamenntun vænst þess að hafa 58% hærri tekjur heldur en samsvarandi aðili sem var aðeins með framhaldsskólamenntun, þetta er meðaltal yfir öll OECD ríkin. Þegar á árinu 2010 var þessi hækking orðin 67%. Það sama gildir um konur, árið 2008 voru þær sem höfðu háskólamenntun með 54% hærri tekjur í samanburði við samsvarandi aðila með framhaldsskólamenntun. Árið 2010 var þessi hækking orðin 59% (Vísir A8).

Þessar tölur benda til þess að þó efnahagskreppan hafi haft víðtæk áhrif - einkum fyrir þá sem voru með lægra menntunarstig - urðu áhrif grundvallarbreytinga á efnahagslegu og menntunarlegu landslagi heimsins ennþá sterkari. Á síðastliðnum áratug hefur hundraðshluti fullorðinna í öllum aðildarríkjum OECD sem hafa notið æðri menntunar aukist úr 22% árið 2000 í 31% árið 2010 (Vísir A1). Þrátt fyrir þessa vaxandi uppsprettu velmenntaðs fólks - ásamt versnandi aðstæðum á mörkuðum frá árinu 2008 - hefur flest fólk með háskólamenntun haldið áfram að njóta efnahagslegs ávinnings. Þetta er vísbending um að í heild hafi eftirspurnin eftir vel menntuðu fólki til að mæta þörfum þekkingarhagkerfisins haldið áfram að vaxa innan OECD ríkjanna þrátt fyrir efnahagskreppuna um allan heim.

Meðan þjóðfélög halda áfram að þarfnast fjölbreyttari hæfni á háu stigi er sennilegt að kostirnir við að hafa æðri menntun muni vera á traustum grunni ekki aðeins til skamms tíma heldur einnig þegar til lengri tíma er litið. Til dæmis áætla Education at a Glance 2012 að persónulegur ávinningur til langs tíma þess að afla sér háskólamenntunar í stað framhaldsskólamenntunar eingöngu sem hluta af fyrstu menntun, að frádregnum tengdum kostnaði, sé aðeins hærri en USD 160.000 fyrir karl og næstum USD 110.000 fyrir konu að meðaltali í 28 OECD ríkjum (Vísir A9).

Skattgreiðendur átta sig einnig á að þeir sjóðir sem notaðir eru til að aðstoða fólk við að leita sér háskólamenntunar njóti ríflegrar ávöxtunar. Að meðaltali fá OECD ríki hreinan ábata sem nemur USD 100.000 í auknum tekjuskatti og öðrum sparnaði fyrir hvern karl sem nýtur stuðnings til að afla sér háskólamenntunar - næstum þreföld upphæð hinnar opinberu fjárfestingar. Hvað varðar konur eru hreinar tekjur hins opinbera um það bil tvöföld upphæð hinnar opinberu fjárfestingar (Vísir A9). Að sjálfsögðu ávinningurinn af menntun ekki aðeins efnahagslegur, bæði hvað varðar hið opinbera og einkageirann. Education at a Glance 2012 hefur komist að því að æðri menntun tengist við auknum lífslíkum, aukinni þátttöku í kosningum og jákvæðara viðhorf til jafnréttis og réttinda minnihlutahópa (Vísir 11).

Reyndar er það svo að fjárfesting í menntun gefur af sér margvíslegan ábata bæði fyrir einstaklinga og samfélag og það útskýrir að hluta eina af helstu niðurstöðum Education at a Glance 2012, sem er að fjárfesting í menntun jókst í mörgum OECD ríkjum á árinu 2009. Milli árunna 2008 og 2009 jókst framlag ríkisstjórna, fyrirtækja og einstakra nemenda og fjölskyldna þeirra til allra stiga menntunar í 24 af 31 OECD landi þar sem gögn voru til staðar. Þetta gerðist jafnvel þótt þjóðarauðurinn eins og hann mælist með GDP lækkaði í 26 af þessum löndum (Vísir B2). Á sama hátt jukust útgjöld á hvern nemanda í grunnmenntun, framhaldsskólamenntun og menntun á háskólastigi um 15 prósentustig að meðaltali hjá OECD ríkjum milli árunna 2005 og 2009. Jafnframt jukust útgjöld á hvern nemanda á háskólastigi um 9 prósentustig á sama tímabili (Vísir B1).

Laun kennara eru venjulega stærsti kostnaðarliðurinn í menntun og þannig í útgjöldum á hvern nemanda. Hjá þeim löndum sem gögn voru fyrir hendi hafði launakostnaður kennara á hvern nemanda aukist um þriðjung á grunnskólastigi og um fjórðung á framhaldsskólastigi að meðaltali milli 2000 og 2010. Aukningin í launakostnaði kennara á hvern nemanda milli 2000 og 2010 hefur að mestu leyti orsakast af breytingum í tveimur þáttum: kennaralaunum og áætlaðri bekkjarstærð. Milli árunna 2000 og 2010 hjá þeim löndum sem gögn voru fyrir hendi jukust kennaralaun um það bil 16% á grunnskólastigi og 14% á framhaldsskólastigi að meðaltali en áætluð stærð bekkja lækkaði um 14% á grunnskólastigi og 7% á framhaldsskólastigi að meðaltali. (Vísir B7).

Education at a Glance 2012 hefur einnig komist að niðurstöðum sem sýna að kennarahópurinn er að eldast. Milli árunna 1998 og 2010 jókst hlutfall kennara sem voru 50 ára og eldri úr 28,8% í 34,2% að meðaltali hjá þeim löndum sem gögn voru fyrir liggjandi. (Vísir D5). Í þeim löndum sem eiga á hættu að missa umtalsverðan fjölda kennara vegna þess að þeir fara á eftirlaun en fjöldi íbúa á skólaaldri verður sá sami eða fer vaxandi, þurfa stjórnvöld að efla aðráttarafi kennslustarfsins, útvíkka starfsmenntun kennara og ef nauðsynlegt þykir, bjóða upp á aðrar leiðir til öflunar réttinda fyrir fagfólk á miðjum starfsaldri sem hafa í hyggju að skipta um starf.

Breytingar á því hverjir taka þátt í menntun

Á tímum efnahaglegs aðhalds þurfa ríki að taka skynsamlegar ákvarðanir um hvernig á að nýta takmarkaðar tekjur. Education at a Glance 2012 bendir á nokkur svið þar sem ríki hafa náð umtalsverðum árangri og tiltekur önnur ríki sem líklegt er að athyglin beinist áfram að í framtíðinni. Til dæmis - eins og greint var frá í fyrsta vísi okkar um menntun og umönnun ungra barna (Vísir C2) - hafa ríki náð aðáunarverðum árangri við að útvíkka menntun fyrir yngstu nemendur sína en þetta er málefni sem hefur orðið mun meira áberandi í menntastefnu ríkja á síðustu árum. Að meðaltali fyrir OECD ríki þar sem gögn frá báðum árum eru fyrir hendi jókst þátttaka í menntun ungra barna úr 64% fyrir þriggja ára börn árið 2005 í 69% árið 2010, og úr 77% fyrir fjögurra ára börn árið 2005 í 81% árið 2010. Meira en þrjú fjórðu hlutar fjögurra ára barna í OECD ríkjum eru skráð í menntun ungra barna og í meirihluta af OECD ríkjunum byrjar menntun nú hjá flestum börnum allnokkru áður en þau verða fimm ára. Að því gefnu að menntun ungra barna tengist meiri velgengni síðar á skólagöngunni, i boðar þessi þróun gott fyrir framtíðina þegar það verður mikilvægara en nokkru sinni að efla hæfni ungs fólks.

OECD ríki verða einnig vör við áframhaldandi aukningu í þátttöku kvenna í æðri menntun. Til dæmis hefur hundraðshluti kvenna sem væntanlega munu hefja háskólanám á ævinni aukist úr 60% árið 2005 í 69% árið 2010 að meðaltali fyrir öll OECD lönd en hlutfall karla hefur aukist úr 48% í 55% á sama tímabili (Vísir C3). Auk þess eru konur nú 59% af öllum þeim sem útskrifast á fyrsta stigi háskólanáms að meðaltali í OECD ríkjum. (Vísir A3). Þó meira þurfi að gera til að auka þátttöku kvenna í námsgreinum eins og t.d. verkfræði, iðnaði og tölvufræði - svo og fjölga þeim meðal þeirra sem ljúka framhaldsnámi á háskólastigi -- vekur þessi þróun frekari væntingar (Vísir A4).

Auk þess hefur þátttaka erlendra nemenda í æðri menntun í OECD ríkjunum tvöfaldast síðan árið 2000. Varðandi heildarfjölda kemur stærsti hópur erlendra nemenda frá Kína, Indlandi og Kóreu. Um 77% erlendra nemenda eru skráðir til náms í OECD ríki. Alþjóðlegir nemendur eru 10% eða meira af skráðum nemendum í æðri menntun í Ástralíu, Austurríki, Lúxemborg, Nýja Sjálandi, Sviss og Bretlandi. Þeir eru einnig meira en 20% af nemendum í framhaldsmenntun í Ástralíu, Austurríki, Kanada, Danmörku, Írlandi, Lúxemborg, Nýja Sjálandi, Svíþjóð, Sviss, Bretlandi og Bandaríkjunum (Vísir C4).

Andstætt þessu er jöfnun á aðgengi til menntunar og tækifæra fyrir alla nemendur, án tillits til bakgrunns þeirra, er enn vandamál í ríkjunum innan OECD. Til dæmis er ályktað í Education at a Glance 2012 að lestrarfærni nemenda sem eru af ættum innflytjenda kunni að verða sérstaklega fyrir hömlum ef þeir sækja skóla þar sem er mikill fjöldi nemenda frá lágtekjufjölskyldum (Vísir A5).

Á sama hátt þurfa stefnumótandi aðilar að líta til aukningar sem orðið hefur í fjölda ungs fólks á aldrinum 15-29 ára sem eru hvorki með atvinnu, stunda skóla né þjálfun - sá hluti íbúanna sem kallast NEET hópurinn (not in education, employment or training) (Vísir C5). Þó ýmsir þættir kunni að hafa áhrif á stærð þessa hóps eru líkur á því að í mörgum OECD ríkjum gefi þessi aukning vísbendingu um þá sérstöku erfiðleika sem ungt fólk hefur átt við að etja sem afleiðingu af heimskreppunni. Gögn frá Employment Outlook (Horfum í atvinnumálum) frá 2012 sýna að atvinnuleysi ungmenna er komið á hættulega hátt stig í sumum OECD löndum og undirstrikar það þörf þessara landa að kanna leiðir til að virkja fólk í þessum mikilvæga aldurshópi á árangursríkan hátt svo sem með verkmenntun og þjálfunaráætlunum svo og tækifærum til óformlegrar menntunar og þjálfunar.

Á tímum sem enn nauðsynlegra er að hafa háskólagráðu er á sama hátt enn meira áriðandi að tryggja auðvelda yfirfærslu inn á vinnumarkaðinn, mörg OECD ríki þurfa að efla aðgerðir til að auka aðgengi að æðri menntun fyrir ungt fólk sem býr við erfiðar kringumstæður. Education at a Glance 2012 hefur greint áberandi mismun á milli tækifæra ungs fólks til að afla sér háskólamenntunar eftir menntunartígi foreldranna. Að meðaltali í OECD ríkjum eru helmingi minni líkur á að ungt fólk frá lágtekjufjölskyldum fari í háskólanám í samanburði við hlut þessarar fjölskyldna í íbúafjöldanum. Á hinn bóginn hefur ungmenni sem á að minnsta kosti annað foreldri með háskólagráðu næstum helmingi meiri möguleika á að afla sér háskólamenntunar í samanburði við hlut þessarar fjölskyldna í íbúafjöldanum.

Að lokum skal á það bent að vegna þess að breytingar á efnahag heimsins hafa áhrif á bæði lönd og einstaklinga þurfa löndin að gæta þess að finna jafnvægi milli þess að reiða af hendi viðeigandi opinbera aðstoð og að gera kröfur til þess að nemendur og fjölskyldur þeirra beri hluta kostnaðarins. Eins og kostnaðartölurnar hér að framan gefa til kynna hafa nemendur og fjölskyldur þeirra verið að taka á sig aukinn hluta kostnaðarins við menntun í mörgum OECD löndum. Þó þetta almenna ástand sé sanngjarnt að því leyti að einstaklingar fá margvíslegan hag af menntun, getur það einnig valdið því að upp komi tilfelli þar sem einstaklingar standa frammi fyrir efnahagslegum hindrunum við að afla sér meiri menntunar - en það er ástand sem er nú viðvarandi í sumum landanna innan OECD. Síðan geta þessar hindranir gert það að verkum að tafir verði í þessum löndum á að markmið þeirra fyrir þegnana náist.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



Read the complete English version on OECD iLibrary!

© OECD (2012), *Education at a Glance 2012*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/eag-2012-en